

Skipulagsstofnun  
b/t Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2019  
UST201904-306/R.K.  
08.14.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Tillaga að matsáætlun – Aukning urðunar í Fíflholtum á vegum Sorpurðun Vesturlands hf.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

**Framkvæmdarlýsing**

Ráðgert er að stækka urðunarstaðinn í Fíflholtum um 10.000 tonn/ári í alls 25.000 tonna urðaðs úrgangs á ári. Urðunarstaðurinn er staðsettur á Mýrum, sem rekin er af Sorpurðun Vesturlands hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) og þjónustar tíu sveitarfélög eða um 16.500 manna íbúabyggð. Urðunarstaðurinn hefur verið rekinn frá árinu 1998 en árið 2012 bættist við móttaka á úrgangi frá fimm sveitarfélögum á Vestfjörðum til viðbótar í kjölfar þess að sorpbrennsla Funa á Ísafirði lokaði árið 2010. Við það bætast samtals 6.100 íbúar og þjóna Fíflholt þar með samtals 22.500 íbúum skv. greinargerð (bls. 5). Í Fíflholtum er tekið á móti öllum óflokkuðum úrgangi öðrum en spilliefnum og er að mestu um að ræða almennan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum sem ekki er endurunninn.

Heimilað umfang urðunar í Fíflholtum í dag er 15.000 tonn af úrgangi á ári og er starfsleyfið frá árinu 2014, með breytingum árið 2017, og gildir til ársins 2028.

Sótt verður um breytingu á starfsleyfi, eða nýtt starfsleyfi, þar sem annars vegar verður heimild fyrir urðun á 25.000 tonnum/ári auk þess sem breyting verði á skilgreiningu viðtaka m.t.t. þeirra krafna sem lagðar eru á efnainnihald sigvatns í útrás við breytingu starfsleyfis árið 2017. Eftir breytingu yrði því gerð sú krafa að: „*sigvatn í útrás standist sömu kröfur og gerðar eru til sigvatns frá öðrum urðunarstöðum eftir að það hefur farið í gegnum þynningarsvæði*“ (bls. 7). Rekstraraðili leggur til að horfið verði til fyrra fyrirkomulags þar sem Norðlækur er skilgreindur sem viðtaki í stað skurðarins þar sem umhverfismörk eiga skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ að gilda um ár og

vötn utan þynningarsvæðis, en skurðurinn sem um ræðir er manngerður drenskurður. Verður gert ráð fyrir þessari breytingu í frummatsskýrslu framkvæmdar skv. greinargerð.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf fjalla betur um eftirfarandi í matsáætlun framkvæmdarinnar;

### **Framtíðarstefna Íslands í úrgangsmálum**

Líkt og fram kemur í greinargerð mun í framtíðinni verða strangari kröfur um aukna endurvinnslu og frekari takmarkanir settar á leyfða urðun á Íslandi (bls. 12). Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili þurfi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir því hvernig aukin heimild urðunar fellur að framtíðaráformum Íslands í úrgangsmálum einkum forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs. Væri þá hægt að setja upp áætlun sem skýrir þann tímaramma sem rekstraraðili sér fyrir sér hvað varðar magn urðunar í Fíflholti á næstu árum með hliðsjón af stefnu stjórnvalda í að draga úr urðun.

Þessu tengt bendir stofnunin á forgangsröðun meðhöndlunar úrgangs sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 737/2003 sem segir að fyrst beri að draga úr myndun úrgangs, svo að endurnota, næst endurnýta og þriðja og síðasta leið meðhöndlunar er endanlega förgun líkt og urðun.

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Fram kemur í greinargerð að umhverfismatið muni byggja á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi urðunarstaðarins að Fíflholtum, m.a. matsskýrslunni frá 1997, auk upplýsinga um starfsemina úr öðrum gögnum þ.e. grænu bókhaldi, áhættumati frá 2012 og athuganir á botnþéttingu og lekt jarðlaga svæðisins (bls. 11). Þá verður leitað annarra gagna eftir því sem þörf krefur skv. greinargerð. Þá segir: „*mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar aukningar á úrgangsmagni [mun] einkum beinast að þáttum sem varða rekstur urðunarstaðarins*“ (bls. 14). Þeir umhverfisþættir sem teknir verða fyrir skv. greinargerð eru; vatnsgæði, loftmengun, losun gass, hávaða, fok, aukningar á töku malarefnis til uppfyllingar og yfirborðsfrágangs auk áhrifa á samfélag og atvinnulíf. Fram kemur jafnframt að ekki verða skoðuð sérstaklega áhrif jarðvegsframkvæmda og efnistöku á landslag, ásýnd svæða, gróður- og dýralíf o.þ.h., enda tengjast þessi áhrif eingöngu framkvæmdum sem þegar er lokið.

Skv. greinargerð kallar aukin urðun ekki á að jarðvegsframkvæmdir heldur verður auknu magni urðað á uðunarrein nr. 4 sem eftir stendur á svæðin. Þá segir jafnframt: „*að aukningin rúmast innan þeirra áætlana sem lágu til grundvallar mati á umhverfisáhrifum árið 1997, að því er varðar stærð urðunarrýmisins*“ (bls. 9).

Í greinargerð segir: „*Umhverfismatið frá 1997 felur í sér ítarlega úttekt á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins að Fíflholtum og tók mið af fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu á fyrstu 20 árum urðunar*“ (bls. 14) og því vert að benda á að árið 2017 voru liðin 20 ár frá því umhverfismati. Það er því nauðsynlegt að endurskoða matið að áliti Umhverfisstofnunar. Þ.e. að meta áhrif aukinnar urðunar á ný þó svo notast sé við eldri gögn við mat ákveðinna umhverfisþátta líkt og ásýnd og lífríki.

Líkt og fram kemur í greinargerð hefur magn urðaðs úrgangs farið langt fram úr áætlunum en upphaflega umhverfismatið gerði ráð fyrir alls 120.000 tonna urðun á svæðinu en í árslok 2018 höfðu þar samtals verið urðuð rúm 200.000 tonn af úrgangi á svæðinu í þá tvo áratugi sem Fíflholt hafa verið í rekstri. Hins vegar hefur minna landsvæði farið undir urðun þar sem möguleg þykkt urðunar var meiri en gert var ráð fyrir árið 1997 (bls. 15).

Á urðunarsvæðinu, við rein 4 hefur verið komið upp kyndli til söfnunar hauggass og stefnt er að gassöfnunarkerfið verði komið í fulla notkun um mitt ár 2019 (bls. 17). Umhverfisstofnun telur að vert sé að fjalla um í frummatsskýrslu hvernig skal tryggja virkni kerfisins auk þess hvort áform séu um að markaðssetja það gas sem safnað verður og koma því þar með í frekari nýtingu.

### **Valkostir**

Fram kemur í greinargerð að fjallað verður um núllkost sem felur í sér enga breytingu á heimild til urðunar. Þá segir jafnframt: „*Núllkostur gæti þó einnig falist í að hætt yrði að taka á móti lífrænum úrgangi á urðunarstaðnum og að flokkun yrði aukin í hlutaðeigandi sveitarfélögum*“ (bls. 12). Umhverfisstofnun telur framangreint í raun vera nýjan valkost en ekki núll kost framkvæmdar og ætti að vera fjallað um hann sem slíkan. Umhverfisstofnun telur öll áform um aukna flokkun og endurnýting lífræns úrgangs, t.a.m. með moltugerð, vera af hinu góða og ber að fagna. Því er jákvætt ef fjallað verði um þann kost í frummatsskýrslu framkvæmdar.

Fram kemur að aðrir valkostir væru annaðhvort að gera nýjan urðunarstað á Vesturlandi eða Vestfjörðum eða flytja úrganginn um langan veg til annarra urðunarstaða en hvorugur kostur þykir hagkvæmari eða umhverfisvænni en að auka urðunarheimildir í Fíflholtum (bls. 12). Umhverfisstofnun tekur undir þetta og telur umhverfisáhrif þess að búa til nýjan urðunarstað ekki vera vænni kost hvað varðar umhverfisáhrif. Þar með verður ekki fjallað um fleiri valkosti í frummatsskýrslu framkvæmdar.

Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að Fíflholt er á mýrar- og votlendissvæði (bls. 13) en öll votlendi stærri en 2 ha njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Því telur stofnunin að fjalla mætti um það hvernig aukin og hraðari urðun á svæðinu kunni að hafa áhrif á nærliggjandi votlendi sem njóta verndar.

### **Lekt og botnþétting**

Fram kemur í greinargerð að: „*Botnþétting í urðunarrein 4 í Fíflholtum fullnægir gildandi lögum og reglugerðum og ákvæðum starfsleyfis*“ (bls. 16) og að lekt fyrir rein 4 var ítarlega prófuð árið 2012 áður en hún var tekin í notkun. Umhverfisstofnun telur að í mati á umhverfisáhrifum þurfi að vera ítarleg umfjöllun um annars vegar lekt jarðlaga, sem hægt er að fá úr fyrri athugunum frá 2012, og hins vegar umfjöllun um mælingar á mengunarefnum sem berast af urðunarstaðnum eins og staðan er í dag með vísun í niðurstöður vöktunar sigvatns. Stofnunin telur að rekstraraðili þurfi að greina frá því hvernig rekstraraðili hyggst uppfyllar kröfur um verndun vatns og jarðvegs skv. I. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 við aukna heimild um urðun úrgangs.

Í greinargerð segir: „*Haft verður samráð við Umhverfisstofnun um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi sigvatnshreinsunar, veitingu sigvatns í viðtaka*“ (bls. 16). Þá segir einnig að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til úrbóta standist sýni ekki kröfur um innihald mengandi efna í frárennslinu (bls. 18). Stofnunin tekur undir framangreint og að aðferðir við vöktun sigvatns og mælingaáætlanir verða unnar í starfsleyfisgerð og ákvæðum starfsleyfis síðar fylgt eftir í eftirliti Umhverfisstofnunar með starfsemi urðunarstaðarins.

### **Lífriki**

Fram kemur í greinargerð að ekki verði gerð athugun á áhrifum aukningar á dýralíf og gróðurfar svæðisins heldur verður stuðst við gögn úttekta Náttúrufræðistofnunar Íslands frá árinu 1996. Umhverfisstofnun telur þau gögn vera komin til aldurs til stuðnings í nýju mati og bendir á að margt hafi breyst frá því fyrir aldamót t.a.m. aukin áhersla á verndun vistgerða með nýju vistgerðakorti og nýjir válistar fugla, plantna og spendýra. Þó er aukning urðunar um 10.000 tonn ári til ársins 2028, ekki talin líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif á þessa þætti umfram þau áhrif sem nú þegar hafa átt sér stað. Hins vegar er það mat Umhverfisstofnunar að greina megi áhrif aukningar með nýtingu eldri ganga en að þetta ætti að vera gert samhliða nýtingu nýrra landupplýsingagagna sem nú eru aðgengileg. Vísar stofnunin þá til kortasjár Náttúrufræðistofnunar Íslands þ.e. vistgerðakort (<http://vistgerdakort.ni.is/>) og sérstök vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um áhrif aukinnar urðunar á votlendi svæðisins og vert að endurskoða fyrri mat eftir starfsemi urðunarstaðarins í 20 ár og eftir að móttaka úrgangs hefur verið og mun verða umtalsvert meiri en gert var ráð fyrir í fyrri umhverfismati. Þá er vert að skoða áhrif á votlendið sem vistkerfi undir sérstakri vernd, þann gróður sem fyrir er á svæðinu og áhrif á það lífríki sem byggir afkomu sína á votlendinu umkringis Fíflholt þ.á.m. fugla á válista og ábyrgðartegundir Íslands.

### **Athugasemdir íbúa**

Fjallað er um í greinargerð um kynningu og samráð fyrirhugaðrar stækkunar (bls. 18). Á samráðsfundi íbúa þann 12. mars sl. komu fram m.a. ábendingar um að urðunarstaðurinn auki aðsókn vargfugls á svæðið sem getur orðið til þess að hann skemmi heyrúllur á svæðinu. Mun rekstraraðili fjalla um aðgerðir sem farið verður í til að takmarka þau áhrif sem ásókn villtra dýr kann að hafa og aðgerðir til að takmarka þær.

Umhverfisstofnun tekur fram að, ef kemur til gerðar nýs starfsleyfis urðunarstaðarins í Fíflholti, tekin verður afstaða til þeirra atriða sem borin hafa verið upp í ákvæðum starfsleyfis; m.a. ásókn vargfugls á svæðið, ákvæði um ref skv. lögum 64/1994, foks úrgangs frá urðunarrein og verklagsreglur ef upp kemur bruni á urðunarstaðnum.

Taka má fram að Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi urðunarstaðarins þar sem athugasemdir og frávik sem upp koma í reglubundnu eftirliti eru skráð í eftirlitsskýrslur sem eru birtar opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar. Frávikum er síðar fylgt eftir með kröfu stofnunarinnar um úrbótaáætlun frá rekstraraðila.

### Niðurlag

Umhverfisstofnun telur megin umhverfisþættir sem verða fyrir áhrifum aukinnar urðunar séu loftgæði, losun gass, áhrif á jarðveg og vatn auk foks úrgangs frá staðnum og ágang vargfugla. Því er brýnt að mati stofnunarinnar að í frummatsskýrslu sé fjallað ítarlega um söfnun á hauggasi, vöktun á sigvatni og jarðvegi og aðferðum til að koma í veg fyrir fok. Þarf því að gera þessum þáttum, og áætlunum rekstraraðila hvað þá varðar, góð skil í frummatsskýrslu.

Til að taka saman telur Umhverfisstofnun að fjalla þurfi nánar um eftirfarandi í frummatsskýrslu framkvæmdar;


- Nánari umfjöllun um áætlaða aukningu urðunar og tímaramma í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum,
- Umfjöllun um það hvernig rekstraraðili mun tryggja virkni hauggassöfnunar í Fíflholti og möguleika á markaðssetningu gassins,
- Valkostir umfangs urðunar og útfærslu urðunar á svæðinu,
- Hvernig rekstraraðili hyggst uppfylla kröfur um verndun vatns og jarðvegs,
- Fyrirkomulagi sigvatnshreinsunar, veitingu sigvatns í viðtaka,
- Umfjöllun um áhrif aukinnar urðunar á vistkerfi umhverfis Fíflholt með vísan í vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands.t.t. aukinnar urðunar en gert var ráð fyrir í upphaflegu umhverfismati árið 1997,
- Umfjöllun um það hvernig komið skal í veg fyrir fok úrgangs af urðunarstaðnum og hvernig skuli forðast ásókn vargfugls á svæðið.

Umhverfisstofnun gerir ekki fekari athugasemdir við tillögu að matsáætlun.



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur